

LEIÐARVÍSIR

FYRIR

MINIMED™ 780G-KERFIÐ

MEÐ GUARDIAN™ 4 SENSOR



Medtronic


HALLÓ! TIL HAMINGJU MEÐ NÝJA MINIMED™ 780G-KERFIÐ

Markmið okkar er að upplifun þín af að byrja að nota kerfið verði eins þægileg fyrir þig og frekast er unnt. Þessi leiðarvísir mun leiða þig í gegnum ferlið meðan á þjálfun stendur, sem og fyrir hana og eftir.



SKREFIN Í ÞJÁLFUNINNI:

Við bjóðum upp á sérsníðna áætlun til að hjálpa þér að nota nýja tækið þitt frá Medtronic.



1. VIÐBÚIN(N)

Fyrir þjálfun

Undirbúðu þig fyrir allt sem þú þarft að vita áður en þú færð þjálfun í að nota vöruna.

Lokið




2. TILBÚIN(N)

Þjálfun í notkun dælu

Á dælunámskeiðinu förum við yfir allt sem þú þarft að vita til að geta hafist handa.

Lokið




3. AF STAÐ!

Að námskeiðinu loknu

Að námskeiðinu loknu viljum við tryggja að þú fái áfram allan nauðsynlegan stuðning.

Lokið



1. HÉR BYRJAR ÞJÁLFUNIN

Bráðum byrjar þú að æfa þig í notkun Minimed™ 780G-kerfisins – skráðu hjá þér upplýsingar um hvert skref í þjálfunarferlinu.

Insúlíndæla + þjálfun í samfelldri sykurnemamælingu

Dagsetning:

Tími:

Tengiliður:

Sími:



Þjálfun í notkun SmartGuard™-eiginleika

Dagsetning:

Tími:

Tengiliður:

Sími:



StartRightSM-kerfið byrjar hér

UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÞJÁLFUN

Ekki framkvæma neitt af eftirfarandi skrefum fyrr en meðferðaraðilinn þinn hefur sagt þér að gera það

AÐ TENGJAST

Sæktu nýja MiniMed™-snjallforritið okkar fyrir samhæf Apple- og Android-tæki.



Það er með notendavænum og gagnvirkum upplýsingaskjá sem birtir gögn úr dæluinni sem eru uppfærð á fimm mínútna fresti. Þú getur einnig hlaðið gögnum upp í CareLink™-hugbúnaðinn með sjálfvirkum hætti.

Allt að fimm einstaklingar geta fylgst með gögnunum þínum; það eina sem þú þarft að gera er að gefa þeim upp notandanafnið þitt og samþykkja beiðni frá viðkomandi innan sólarhrings.

Þú færð ábendingu um að skrá þig í CareLink™-hugbúnaðinn meðan niðurhal stendur yfir eða þegar þú skráir þig inn á reikninginn þinn. Skráðu notandanafnið þitt og aðgangsorðið hér til öryggis.

Notandanafn:

Aðgangsorð:



ÁBENDING

Þegar þú hefur lokið við að setja upp snjallforritið skaltu slökkva á tilkynningum þar til þú ert tilbúin(n) að byrja að nota dæluna.



Láttu nánustu aðstandendur vita af CareLink™ Connect-snjallforritinu

Þeir þurfa bara að sækja Carelink™ Connect-snjallforritið og slá inn notandanafnið þitt til að hefjast handa.

ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR NÁMSKEIÐIÐ

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Dæluna | <input type="checkbox"/> Guardian™ Link 4-sendi og hleðslutæki |
| <input type="checkbox"/> 1 kassa af forðahylkjum | <input type="checkbox"/> 1 kassa af Guardian™ Sensor 4 |
| <input type="checkbox"/> 1 kassa af innrennslisettum | <input type="checkbox"/> One-Press innskotshylki og innskotshylki fyrir innrennslisettið (ef þörf krefur) |
| <input type="checkbox"/> Accu-Chek®Guide Link-mælinn, blóðhnífa og blóðsykurstrimla | <input type="checkbox"/> Límfilmur yfir sykurnemann (fylgir með í kassanum með sykurnemunum) |
| <input type="checkbox"/> Hettuglas með skjótvirku insúlíni | <input type="checkbox"/> Pennan leiðarvísi |

ATRÍÐI SEM FARIÐ VERÐUR YFIR Á NÁMSKEIÐINU

- | | |
|--|--|
| ■ Lært á tækið | ■ Dagleg skref við umsjón insúlíndælu |
| ■ Yfirlit yfir valmyndir dælu | ■ Væntingar við daglega notkun |
| ■ Hvernig dælan virkar | ■ Mögulegar hjáleiðir – leiðsögn og bilanaleit |
| ■ Hvernig á að setja inn sérstakar stillingar | |
| ■ Innrennslisetti og sykurnema komið fyrir undir húðinni | |



HÆTTU HÉR

Farið verður yfir næsta kafla á námskeiðinu.

Athugasemdir:





2. TILBÚIN(N) Í ÞJÁLFUN

Taktu þessa handbók með þér á námskeiðið til að þú hafir öll atriðin á sama stað!

ÞJÁLFUNARFERLIÐ:

Við byrjum á að kenna þér á tækið og síðan lærir þú um SmartGuard™-eiginleikann.

Farið verður yfir eftirfarandi fjögur atriði í hvorum kafla:



**LÆRT Á TÆKIÐ/
SMARTGUARD™-
EIGINLEIKANN**

DAGLEG SKREF

**AÐ HALDA
SIG Á RÉTTRI
BRAUT**

**UMRÆÐA
UM NÆSTU
MIKILVÆGU
SKREF**

Athugasemdir:












LÆRT Á TÆKIÐ

LÆRT Á VALMYNDIRNAR

MINIMED™ 780G SYSTEM SIMPLIFIED MENU MAP



 HISTORY & GRAPH History Sensor Glucose Review Graph Time in Range	 SMARTGUARD SmartGuard Checklist Temp Target SmartGuard Settings SmartGuard On and Off	 SOUND & VIBRATION Silence Sensor Alerts Volume Sound Vibration Alert Settings Shortcut
 RESERVOIR & SET New Reservoir Fill Cannula	 INSULIN Bolus Basal Suspend/Resume Basal Delivery Delivery Settings Shortcut	 BLOOD GLUCOSE BG
 STATUS Suspend All Delivery SmartGuard Checklist Pump Sensor	 PAIRED DEVICES Pair New Device Pair CareLink Sensor	 SETTINGS Alert Settings Delivery Settings Device Settings

ÞARF ÉG AÐ NOTA BLÓÐSYKURMÆLI?

Þú getur notað sykurnemamælingu til að taka ákvarðanir varðandi meðferðina, en þú getur stundum þurft að nota blóðsykurmæli.

ÞAÐ Á VIÐ Í EFTIRTÖLDUM TILVIKUM:

1.

Þegar Bolus Wizard er notað handvirkt í Manual Mode til að gefa leiðréttingarskammt

2.

Þegar sykurneminn sýnir ekki mælingu eða þér finnst hún ekki passa


3.

Þegar mæling frá sykurnema passar ekki við líðan

4.


Þegar þú hefur tekið lyf sem innihalda acetaminophen (paracetamol) þar sem þau geta sýnt falska hækkun á blóðsykri

LÆRT Á HEIMASKJÁINN



SKREF 1

Göngum úr skugga um hvort öll tæki séu rétt þöruð



SKREF 2

Setjum upp sykurnemann

Við förum yfir hvernig best er að koma honum fyrir



SKREF 3

Insúlínvalmyndin

líklega sú valmynd sem þú munt nota mest


- Hvernig á að setja inn basal (grunninsúlín) og bolus (máltíðar- og leiðréttingarinsúlín)
- Hvernig á að gefa bolusa



Æfing 1:

Skref 1: Ýttu á örina niður á heimaskjánum til að opna Bolus Wizard™-eiginleikann.

Skref 2: Færðu inn kolvetni



SKREF 4


Hvað á að gera ef þarf að skrá blóðsykur inn handvirkt

Æfing 2:

Skref 1: Færðu inn niðurstöðu blóðsykurmælingar.

Skref 2: Ýttu á örina niður á heimaskjánum til að opna Bolus Wizard™-valmyndina.

Skref 3: Færðu inn kolvetni



SKREF 5

Nú er tímabært að koma innrennslisettinu fyrir



ÁBENDING

Þegar þú skiptir um innrennslisett síðar meir þarftu að muna að aftengja gamla innrennslisettið áður en þú hefur ferlið.



SKREF 6

Farið yfir hvenær á að nota önnur valmyndaratriði

VALMYND	HVENÆR Á AÐ NOTA
 SOUND & VIBRATION	<ul style="list-style-type: none">Til að kveikja eða slökkva á hljóði og titringiTil að stilla hljóðstyrkinn á bilinu 1–5
 HISTORY & GRAPH	<ul style="list-style-type: none">Til að skoða gagnasögu á hverju tímabili fyrir sig
 STATUS	<ul style="list-style-type: none">Til að stöðva alla insúlíngjöfTil að fylgjast með upplýsingum um dælu, sykurnema, insúlín og rafhlöðu



Blóðsykursgildi geymast í minni dælu í 12 mínútur. Mundu að þegar kveikt er á SmartGuard™-eiginleikanum birtist mælingin frá sykurnemanum sjálfkrafa.



DAGLEG SKREF Í MANUAL MODE

Hvernig munu dagleg skref líta út í nýja tækinu þínu?
Við skulum skoða væntingar við daglega notkun.

DAGLEGA:



Gefðu þér bolus –
10–20 mínútum
áður en þú borðar




Skoðaðu
blóðsykurinn
fyrir máltíðir og
háttatíma



Skoða stefnu mælinga
frá sykursnema í
rauntíma



Hér er dæmi um hvernig venjulegur dagur gæti lítið út. Þú ættir að ræða þetta nánar við meðferðaraðilann þinn.



*Þetta eru aðeins uppástungur fyrir blóðsykursmælingar.

Í HVERRI VIKU:



Mundu að skipta um innrennslisett 2–3 sinnum í viku (eða á 7 daga fresti ef notuð eru extended slönguset og forðahylki) og sykurnemann á 7 daga fresti



Mundu að hlaða sendinn




Sendu gögnin þín í CareLink™ í hverri viku eða sjálfkrafa gegnum snjallforritið

KVÖRÐUN:



Ekki er þörf á að kvarða reglulega en allar blóðsykurmælingar sem eru settar inn eru notaðar til kvörðunar. Ef ekki tekst að kvarða gæta dælan beðið um auka blóðsykurmælingu

AÐ SKOÐA STEFNU BLÓÐSYKURMÆLINGA



ÁBENDING

Ef þú færð viðvörðunina „Enter BG“ og þú hefur ekki tæk á að mæla blóðsykurinn (ert til dæmis að keyra eða á fundi) getur þú sett á „Snooze“ (blunda) til að minna þig á að mæla þig síðar.



ÁBENDING

Mundu að hlaða sendinn í hvert sinn sem þú skiptir um sykurnema.

HVERNIG GET ÉG SÉÐ HVERNIG MÉR GENGUR AÐ HAFA STJÓRN Á SYKURSÝKINNI?


CARELINK™-HUGBÚNAÐURINN OG SNJALLFORRITIN ERU LYKILLINN AÐ ÞVÍ

HUGBÚNAÐUR




- CareLink™-hugbúnaðurinn breytir gögnum úr insúlíndæluinni í auðskiljanlegar upplýsingar
- Nauðsynlegt er að hafa blátt millistykki fyrir upphal ef MiniMed™-snjallforritið er ekki notað

SNJALLFORRIT



- MiniMed™-snjallforritið: aukaskjáfirlit fyrir sjúklinginn
- CareLink™ Connect-snjallforritið: í boði fyrir allt að 5 aðstandendur

Athugasemdir:



AÐ HALDA SIG Á RÉTTRI BRAUT

Mikilvægt er að skilja að það geta alltaf komið upp frávik frá daglegum venjum – og þá getur skipt öllu máli að vita hvað á að gera.



VIÐVARANIR OG HÆTTUBOÐ

Viðvörðun birtist ef mæling frá sykursnema er 3,0 mmól/l eða lægri, eða ef mæling frá nema er 13,9 mmól/l eða hærri í 3 klukkustundir.

MEÐHÖNDLUN Á LÁGUM OG HÁUM BLÓÐSYKRI

LÁGUR BLÓÐSYKUR – Ef blóðsykurinn fer undir 3,9 mmól/l skaltu nota „15“-regluna:

5–15 grömm hröð kolvetni



Athugaðu blóðsykurinn eftir 15 mínútur



Endurtaktu ef blóðsykurinn er enn undir 3,9 mmól/l

HÁR BLÓÐSYKUR – Ef blóðsykurinn er hár en samt lægri en 13,9 mmól/l:

Gefðu þér stakan leiðréttingarskammt



Athugaðu blóðsykurinn eftir 1 klukkustund



Farðu í úrræðaleit

HÁR BLÓÐSYKUR - Ef blóðsykur er 13.9mmol/L eða hærri:

Athugið Ketóna



Fylgið ráðum heilbrigðisstarfsfólks um hvað eigi að gera við háum blóðsykri og ketónasýringu

HVERNIG Á AÐ VITA HVORT ÞARF AÐ HAFA SAMBAND VIÐ HEILBRIGÐISSTARFSMANN EÐA TÆKNIÞJÓNUSTU

Það er mikilvægt að þú vitir hvert á að leita eftir aðstoð.



**Hafa skal samband við AZ Medica fyrir tæknilegar fyrirspurnir
Diabetes@medica.is - 564-5055**

Hér færðu aðstoð við tæknileg vandamál eða svör við spurningum sem þú kannt að hafa um notkun MiniMed™ 780G-kerfisins.



HEILBRIGÐISSTARFSMAÐUR

Læknishjálp og svör við spurningum sem snerta heilsuna.

Athugasemdir:



KYNNTU ÞÉR SMARTGUARD™ EIGINLEIKANN

SKREF 1


Farðu í SmartGuard™ valmyndina, flettu niður og breyttu í On (kveikt)

Farðu í „SmartGuard™ settings“ (stillingar), settu inn stillingar og vistaðu þær



SKREF 2

Skoðaðu „SmartGuard™ Checklist“ (gátlista)




- ← Tilbúið
- ← Aðgerðar krafist
- ← Bíður
- ← Aðgerðar krafist
- ← Aðgerðar krafist
- ← Aðgerðar krafist

TIL AÐ VIRKJA SMARTGUARD™ ÞARF AÐ SETJA INN BLÓÐSYKURMÆLINGU

Þú þarft að setja inn blóðsykurmælingu til að virkja SmartGuard™ þegar þú kveikir á því eða hefur slökkt á SmartGuard™ og vilt kveikja á því aftur.

Heimaskjárinn þinn lítur svolítið öðruvísi út núna þegar þú notar SmartGuard™ eiginleikann




Mæling frá sykurnema

SmartGuard™ merkið

Sykurnemarit

Sjálfvirkur
grunnskammtur



Sjálfvirkur stakur
leiðréttingarskammtur

Tímabundið
markgildi

Athugasemdir:



DAGLEG SKREF

Hvernig líta daglegu skrefin út þegar þú notar SmartGuard™ tæknina? Förum yfir væntingar við daglega notkun.

DAGLEGA:



Gefðu þér bolus 10–20 mínútum fyrir máltíðir með kolvetnum




Bregðast strax við viðvörðunarkerkjum og hættuboðum



Fylgja almennum leiðbeiningum um meðferð með insúlíndælu

Hér er dæmi um hvernig venjulegur dagur gæti lítið út. Þú ættir að ræða þetta nánar við meðferðaraðilann þinn.



Í HVERRI VIKU:



Skiptu um innrenslisett
á 2–3 daga fresti eða extended
innrenslisett á 7 daga fresti

Skiptu um sykurnema



Settu sendinn í hleðslu



Sendu gögn í Carelink™-
hugbúnaðinn

KVÖRÐUN



Ekki þarf að kvarða kerfið reglulega, en það gæti beðið um blóðsykurmælingu stöku sinnum til að tryggja bestu virkni.


GEFA BOLUSA

Þegar SmartGuard™-tæknin er notuð eru bolusar gefnir með sama hætti og venjulega, eini munurinn er sá að þú getur ekki breytt magninu.

Þarftu að rifja upp? Farðu aftur á síðu 9.

SJÁÐU HVAÐ ÞÚ ERT MIKINN HLUTA TÍMANS INNAN MARKA (TIME IN RANGE)





AÐ HALDA SIG Á RÉTTRI BRAUT

Mikilvægt er að skilja að það geta alltaf komið upp frávik frá daglegum venjum – og þá getur skipt öllu máli að vita hvað á að gera.

TÍMABUNDIÐ MARKGILDI

Þú getur stillt inn tímabundið fast markgildi í hvert sinn sem þú hefur áhyggjur af mögulegu blóðsykurfalli (t.d. þegar þú stundar íþróttir eða aðra hreyfingu).



ÁBENDING

Íhugaðu að stilla inn tímabundið markgildi 1–2 klukkustundum fyrir hreyfingu.



Þegar tímabundið markgildi hefur verið stillt eru sjálfvirkir bolusar ekki gefnir.

HALDIÐ ÁFRAM Í SMARTGUARD™-STILLINGU



VIÐVARANIR OG HÆTTUBOD

Ef þú þarft að færa inn blóðsykurmælingu birtist viðvörðun. Dælan verður áfram í SmartGuard™-stillingu í að hámarki 4 klukkustundir ef ekki er brugðist við vandamálinu. Ef þú ferð úr SmartGuard™-stillingunni verður handvirk stilling virk þar til áskilinni aðgerð hefur verið lokið.

Athugasemdir:



UMRÆÐA UM NÆSTU SKREF

Hvað gerist að þjálfun lokinni?



STARTRIGHTSM ALLA DAGA

Sérstíðin þjónusta fyrir MiniMed™ 780G-kerfið þar sem þú færð aðstoðina sem þú þarft við upphaf meðferðarinnar.

StartRightSM-sérfræðingarnir okkar veita þér einstaklingsmiðuð ráð og raunhæfar ábendingar sem auðvelda þér að venjast nýju meðferðinni.




Fræðsluefni með tölvupósti eða öðrum stafrænum hætti



Skráðu þig hér:
www.medica.is/startright





3. NÚ ER ALLT TIL REIÐU!

Sykursýkin tekur sér aldrei hlé en þú ert ekki ein(n). Þjónustuteymið okkar er til staðar fyrir þig á þessu ferðalagi – allt frá byrjun.

HVAR ÞÚ FINNUR SVÖR



HAFÐU SAMBAND

Tækniástoð **5645055**
Birgðir **www.verslun.medica.is**
Netfang **diabetes@medica.is**

HVERT SKAL LEITA EF SPURNINGAR VAKNA?



MIKILVÆG VEFSVÆÐI:

Vefsvæði: **www.medica.is**

MUNDU



Lykillinn að velgengni

- Skráðu þig í StartRightSM-stuðningsþjónustuna
- Spurðu meðferðaraðilann þinn um aðrar gerðir af plástrum ef á þarf að halda
- Gerðu þér raunhæfar væntingar
- Notaðu flýtvalkostina á dæluinni til að auðveldara sé að nota hana

ÁBENDINGAR OG GÓÐ RÁÐ



Hugsaðu fram í tímann

- Hafðu alltaf kolvetni á þér til að geta brugðist við lágum blóðsykri
- Taktu alltaf aukabirgðir fyrir dæluna með þér þegar þú ferðast og hafðu þær í handfarangrinum
- Reyndu að vera ekki fjarri dæluinni eða aftengd(ur) við hana í meira en eina klukkustund í senn

Vendu þig á réttar aðferðir við bolusgjafir

- Teldu og færðu inn kolvetni fyrir máltíðir
- Gefðu þér bolus 10–20 mínútum fyrir máltíðir
- Vertu nákvæm(ur) með bolusa – skráðu niður hvað þú gerir um leið og þú gerir það

Fylgdu leiðbeiningum um samfelldar sykurnemamælingar


- Komdu sykurnemanum fyrir undir húðinni og festu hann rétt til að hann virki sem best
- Gríptu til viðeigandi aðgerða þegar þess er þörf, til dæmis þegar blóðsykurmælingu vantar

ACCU-CHEK GUIDE LINK



UPPSETNING Á MÆLI





STILLING Á TUNGUMÁLI OG TÍMA

1. Til að kveikja á mæli er ýtt á **OK**. **Language** birtist á skjánum.
2. Ýttu á  til að velja tungumál og ýttu á **OK**.
3. Ef mælirinn biður þig um að stilla tímasnið, veldu tímasnið og ýttu á **OK**.

STILLING Á TÍMA OG DAGSETNINGU

1. Úr **Aðalvalmynd (Main Menu)**, ýttu á  til að velja **Stillingar (Settings)** og ýttu á **OK**.
2. Með **Tími/Dags (Time/Date)** valið ýttu á **OK**.
3. Ýttu á  til að breyta stillingum.
4. Ýttu á **OK** til að fara yfir í næstu valmynd.
5. Þegar búið er að breyta stillingum, ýttu á **OK** til að vista og fara yfir í fyrri valmynd.





SENDING BLÓÐSYKURMÆLINGU YFIR Í DÆLUNA



Haltu inni til baka hnappnum  til að senda blóðsykurmælingu strax yfir í dæluna.


MÆLIR PARAÐUR VIÐ DÆLU



AÐ PARA MÆLI:

SKJÁMYNDIR Á BLÓÐSYKURMÆLI


Mælirinn er tilbúinn að parað við dæluna þegar raðnúmer mælisins birtist á skjá mælisins.




Veljið Stillingar (Settings)




Veljið þráðlaus (Wireless)



Veljið Pörun (Pairing)




Veljið Para dælu (Pair to pump)



Veljið samsvarandi númer á dælunni

SKJÁMYNDIR Á DÆLU

Ef tenging tekst, koma upp skilaboð á dælunni „Tenging tókst“ ("Pairing successful!").



Leitar




Veljið tæki




Staðfestið rétt tæki (Confirm)

AÐ PARA / TENGJA SENDI



Taktu sendinn úr hleðsludokkunni til að setja hann í leitarfasa ('search mode').



Leitar



Veljið tæki



Staðfestið tæki (Confirm)

VIÐAUKI


AÐ SETJA INN GRUNNSTILLINGAR (BASAL RATE)



Tölurnar sem notaðar eru hér fyrir neðan eru einungis dæmi. Hafið samband við heilbrigðisstarfsfólk varðandi ykkar stillingar.




Veljið **Insulin** á valmynd



Veljið **Delivery Settings**




Veljið **Basal Pattern Setup**



Veljið **Basal 1 > Options > Edit**



Ýtið á til að stilla loka tíma



Notið til að stilla einingar á klukkustund (U/hr)



Stillið inn mismunandi tímabil



Þegar því er lokið ýtið á **Done** og **Save**

Til að skoða þær grunnstillingar sem eru í gildi eða skipta milli stillinga veljið Basal > Basal patterns á dæluinni.


STILLING Á BOLUS WIZARD




Tölurnar sem notaðar eru hér fyrir neðan eru einungis dæmi. Hafið samband við heilbrigðisstarfsfólk varðandi ykkar stillingar.




Veljið **Insulin** á valmynd



Veljið **Delivery Settings**




Veljið **Bolus Wizard Setup**,
Veljið Bolus Wizard **On**




Lesið útskýringuna á Bolus Wizard og ýtið á **Next**




Carb Ratio: Notið til að stilla lokatíma og g/U.



Næmni: Notið til að velja tímatímabil og mg/dL.



Blóðsykurs markmið: Notið til að stilla enda tímabils og mg/dL.



Tími fyrir virkni Insúlíns:
Notið til að stilla.
Þegar búið er að setja inn stillingar veljið **Save**

Fyrir nánari upplýsingar um Bolus Wizard skoðið handbók fyrir MiniMed™ 780G



Finna má ítarlegar upplýsingar um notkun, ábendingar, fráþendingar, varnaðarorð, varúðarreglur og hugsanlegar aukaverkanir í handbók. Hafðu samband við fulltrúa Medtronic á þínu svæði ef þú þarft nánari upplýsingar.

Medtronic

UC202013491 EE © 2020 Medtronic.
Allur réttur áskilinn. Medtronic, Medtronic-
fyrirtækismerkið og Further, Together eru vörumerki
Medtronic. Vöruheiti þriðju aðila eru vörumerki
viðkomandi eigenda. Öll önnur vöruheiti eru
vörumerki Medtronic-fyrirtækis.

ACCU-CHEK, ACCU-CHEK GUIDE, ACCU-CHEK
FASTCLIX, og ACCU-CHEK SOFTCLIX eru
vörumerki
Roche Diabetes Care.


AZ Medica.

AZ Medica
Skemmuvegur 6 Blá gata
564-5055
diabetes@medica.is
www.medica.is
Pantanir á verslun.medica.is
Opið 9-16 virka daga